

REGLUGERÐ

um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.

1. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða sveitarfélögum framlög skv. 3. gr. reglugerðar þessarar til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. 4. gr. laga nr. 144/2000 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra tekur ákvörðun um úthlutun framlaga, sbr. 1. mgr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

2. gr.

Til framlaga samkvæmt reglugerð þessari skulu renna allt að 30% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs, sbr. 1. mgr., skal miðast við tekjur sjóðsins samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs að teknu tilliti til hugsanlegra leiðréttinga á tekjum hans samkvæmt fjárlögum.

3. gr.

Í þeim tilvikum sem afskrifað endurstofnverð húsa og mannvirkja, annarra en sumarhúsa, útihúsa í sveitum og mannvirkja og lóða sem falla undir 3. gr. reglugerðar um fasteignaskatt, nr. 1160/2005, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík, samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, er herra en fasteignamat sömu fasteigna, skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða framlag til viðkomandi sveitarfélags.

Framlög Jöfnunarsjóðs til einstakra sveitarfélaga skulu reiknast sem mismunur á fasteignamati og álagningarstofni í hverju sveitarfélagi, sbr. 1. mgr., margfaldaður með álagningarprósentu fasteignaskatts viðkomandi sveitarfélags eins og hún var árið 2000, sbr. fylgiskjal 1.

4. gr.

Á grundvelli árlegrar skrár frá Fasteignamati ríkisins um metnar fasteignir í hverju sveitarfélagi, þar sem fram kemur m.a. heildarfasteignamat fasteignanna ásamt svonefndum álagningarstofni sömu eigna skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga reikna út framlög til sveitarfélaga samkvæmt reglugerð þessari. Við útreikninginn skal Jöfnunarsjóður taka tillit til upplýsinga frá sveitarfélögum um breytingar sem þau gera á skránni áður en til álagningar kemur og hafa til hliðsjónar þau ákvæði reglugerðar um fasteignaskatt sem sveitarfélög beita við álagninguna, sbr. 2. mgr. Útreikningi framlaga skal lokið eigi síðar en 15. júní ár hvert.

Upplýsingum um breytingar á skrá Fasteignamats ríkisins, sbr. 1. mgr., skal skilað á eyðublöðum sem Jöfnunarsjóður lætur sveitarfélögum í té. Á þeim skal tilgreina eftirfarandi atriði:

- fasteignir sem undanþegnar eru álagningu fasteignaskatts skv. 6. gr. reglugerðar um fasteignaskatt, eða ákvæðum sérlaga,
- ákvæðanir sveitarfélags um lækkun eða niðurfellingu álagðs fasteignaskatts vegna fasteigna sem falla undir 1.-4. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt,
- lækkun fasteignaskatts vegna samninga við stóriðjufyrirtæki,
- leiðréttingar sem sveitarfélög gera vegna fasteigna þar sem flokkun eða mat hefur breyst, svo sem í kjölfar endurmats eða úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar,
- beitingar mismunandi álagningarprósentu í sameinuðu sveitarfélagi, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt,
- endanlega niðurstöðu álagningar vegna fasteigna þar sem nýting er með þeim hætti að ákvæði 8. gr. reglugerðar um fasteignaskatt eiga við.

Með álagningarstofni, sbr. 1. mgr., er átt við afskrifað endurstofnverð húsa og mannvirkja samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, annarra en sumarhúsa og útihúsa í sveitum, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík, ásamt fasteignamati allra annarra fasteigna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

5. gr.

Þar til endanlegur útreikningur framlaga liggur fyrir, sbr. 4. gr., skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða viðkomandi sveitarfélagi framlag fyrirfram sem nemur 60% af framlagi næstliðins árs. Greiðslan skal innt af hendi með fimm jöfnum greiðslum fyrsta virka dag mánaðanna febrúar til júní ár hvert.

Þegar útreikningur framlaga liggur fyrir, sbr. 4. gr., skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða sveitarfélögum endanlegt framlag ársins að fráðreginni fyrirframgreiðslu, sbr. 1. mgr. og skal sá mismunur greiddur í jöfnum greiðslum fyrsta virka dag mánuðina júlí til september ár hvert.

6. gr.

Árlega skulu sveitarfélög senda Jöfnunarsjóði sveitarfélaga upplýsingar um breytingar sem þau gera á skrá Fasteignamats ríkisins um metnar fasteignir í sveitarfélaginu og upplýsingar um áhrif framkvæmdar við álagningu, sbr. 4. gr.

Hafi upplýsingar, sbr. 1. mgr., ekki borist Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir 15. maí ár hvert er Jöfnunarsjóðnum heimilt að stöðva greiðslur framlaga samkvæmt reglugerð þessari til viðkomandi sveitarfélaga. Framlög viðkomandi sveitarfélaga skulu þá áætluð svo útreikningur heildarframlaga geti átt sér stað.

Hafi upplýsingar sveitarfélaga, sbr. 1. mgr., ekki borist Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir 15. ágúst skulu endanleg framlög viðkomandi sveitarfélaga nema 80% af áætlun, sbr. 2. mgr. Greiðsla framlaga til viðkomandi sveitarfélaga skal innt af hendi í september viðkomandi ár að teknu tilliti til fyrirframgreiðslu, sbr. 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal í janúar 2001 gera áætlun um útreiknað framlag hvers sveitarfélags árið 2001.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á árinu 2001 greiða viðkomandi sveitarfélagi framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi, sbr. 1. mgr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða til sveitarfélaga á árinu 2002 framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi, miðað við framlag á fjárlögum þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. reglugerðar um fasteignaskatt, nr. 1160/2005, skal ekki taka tillit til nýrra lóða og nýrra mannvirkja sem skráð eru og metin í Landskrá fasteigna eftir 1. janúar 2006 við útreikning framlaga samkvæmt reglugerð þessari fyrir árið 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal í febrúar 2010 gera áætlun um útreiknað framlag hvers sveitarfélags árið 2010.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á árinu 2010 greiða viðkomandi sveitarfélagi framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi, sbr. 1. mgr.

FYLGISKJAL 1.**Fylgiskjal 1.****Yfirlit yfir álagningarprósentur fasteignaskatts árið 2000.**

		Álagningarprósentur	
		A-liður *	B-liður *
0000	Reykjavíkurborg	0,375%	1,650%
1000	Kópavogsbær	0,375%	1,628%
1100	Seltjarnarneskaupstaður	0,375%	1,120%
1300	Garðabær	0,450%	0,825%
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	0,375%	1,450%
1603	Bessastaðahreppur	0,360%	1,220%
1604	Mosfellsbær	0,375%	1,000%
1606	Kjósarhreppur	0,575%	1,000%
2000	Reykjanesbær	0,360%	1,650%
2300	Grindavíkurkaupstaður	0,360%	1,000%
2503	Sandgerðisbær	0,360%	1,277% **
2504	Gerðahreppur	0,360%	1,000%
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	0,400%	1,200%
3000	Akraneskaupstaður	0,360%	1,200%
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	0,400%	0,916% **
3502	Skilmannahreppur	0,400%	0,818% **
3503	Innri-Akraneshreppur	0,400%	0,000%
3504	Leirár- og Melahreppur	0,400%	1,000%
3506	Skorradalshreppur	0,500%	1,000%
3510	Borgarfjarðarsveit	0,400%	1,250%
3601	Hvítársíðuhreppur	0,450%	1,400%
3609	Borgarbyggð	0,400%	1,400%
3701	Kolbeinsstaðahreppur	0,500%	0,000%
3709	Eyrarsveit	0,360%	1,000%
3710	Helgafellssveit	0,360%	1,000%
3711	Stykkishólmshreppur	0,400%	1,520%
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	0,400%	0,400%
3714	Snæfellsbær	0,410%	1,450%
3809	Saurbæjarhreppur	0,400%	1,650%
3811	Dalabyggð	0,400%	1,200%
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	0,400%	1,250%
4200	Ísafjarðarbær	0,425%	1,600%
4502	Reykhólahreppur	0,500%	1,650%
4604	Tálknafjarðarhreppur	0,360%	1,150%
4607	Vesturbyggð	0,500%	1,520%
4803	Súðavíkurhreppur	0,400%	1,510%
4901	Árneshreppur	0,500%	1,320%
4902	Kaldrananeshreppur	0,360%	1,000%
4904	Hólmavíkurhreppur	0,360%	1,320%
4905	Kirkjubólshreppur	0,360%	1,000%
4908	Bæjarhreppur, Strandasýslu	0,290%	0,700%
4909	Broddaneshreppur	0,450%	1,000%
5000	Síglufjarðarkaupstaður	0,360%	1,650%
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	0,417% **	1,490% **
5508	Húnaþing vestra	0,380%	1,250%
5601	Áshreppur	0,360%	0,000%

5603	Torfalækjarhreppur	0,400%	1,000%
5604	Blönduósþætur	0,400%	1,450%
5605	Svínavatnshreppur	0,500%	1,320%
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	0,360%	1,300%
5607	Engihlíðarhreppur	0,360%	1,000%
5608	Vindhælishreppur	0,380%	0,000%
5609	Höfðahreppur	0,390%	1,250%
5610	Skagahreppur	0,350%	1,000%
5706	Akrahreppur	0,360%	0,000%
6000	Akureyrarkaupstaður	0,360%	1,650%
6100	Húsavíkurkaupstaður	0,380%	1,650%
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður	0,400%	1,462%
6400	Dalvíkurbyggð	0,375%	1,520%
6501	Grimseyjarhreppur	0,400%	1,000%
6504	Hríseyjarhreppur	0,450%	1,550%
6506	Arnarneshreppur	0,360%	1,000%
6507	Skriðuhreppur ***	0,350%	0,000%
6508	Öxnadalshreppur ***	0,450%	0,000%
6509	Glæsibæjarhreppur ***	0,400%	1,650%
6513	Eyjafjarðarsveit	0,390%	0,390%
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	0,375%	1,050%
6602	Grýtubakkahreppur	0,400%	1,250%
6604	Hálshreppur	0,500%	0,000%
6605	Ljósavatnshreppur	0,450%	1,270%
6606	Bárðdælahreppur	0,400%	0,000%
6607	Skútustaðahreppur	0,360%	1,300%
6608	Reykðælahreppur	0,360%	1,200%
6609	Aðaldælahreppur	0,500%	1,380%
6610	Reykjahreppur	0,420%	1,050%
6611	Tjörneshreppur	0,360%	0,000%
6701	Kelduneshreppur	0,400%	1,270%
6702	Öxarfjarðarhreppur	0,400%	1,250%
6705	Raufarhafnarhreppur	0,380%	1,650%
6706	Svalbarðshreppur	0,360%	1,000%
6707	Þórshafnarhreppur	0,360%	1,650%
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	0,400%	1,650%
7300	Fjarðabyggð	0,380%	1,650%
7501	Skeggjastaðahreppur	0,400%	1,000%
7502	Vopnafjarðarhreppur	0,400%	1,650%
7505	Fljótsdalshreppur	0,360%	1,320%
7506	Fellahreppur	0,400%	1,500%
7509	Borgarfjarðarhreppur	0,360%	1,000%
7512	Norður-Hérað	0,360%	1,000%
7605	Mjóafjarðarhreppur	0,400%	0,000%
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	0,400%	1,000%
7611	Búðahreppur	0,360%	1,650%
7612	Stöðvarhreppur	0,360%	1,400%
7613	Breiðdalshreppur	0,360%	1,200%
7617	Djúpavogshreppur	0,360%	1,425%
7618	Austur-Hérað	0,410%	1,600%
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	0,360%	1,100%

8200	Sveitarfélagið Árborg	0,400%	1,450%
8508	Mýrdalshreppur	0,410%	1,200%
8509	Skaftárhreppur	0,500%	1,100%
8601	A.-Eyjafjallahreppur	0,400%	0,000%
8602	V.-Eyjafjallahreppur	0,360%	0,000%
8603	A.-Landeyjahreppur	0,420%	1,000%
8604	V.-Landeyjahreppur	0,400%	0,000%
8605	Fljótshlíðahreppur	0,360%	1,000%
8606	Hvolhreppur	0,400%	1,000%
8607	Rangárvallahreppur	0,380%	1,320%
8610	Ásahreppur	0,320%	1,320%
8611	Djúpárhreppur	0,252% **	1,236% **
8612	Holta- og Landsveit	0,400%	1,100%
8701	Gaulverjabæjarhreppur	0,400%	0,000%
8706	Hraungerðishreppur	0,460%	1,270%
8707	Villingaholtshreppur	0,400%	0,000%
8708	Skeiðahreppur	0,460%	1,000%
8709	Gnúpverjahreppur	0,450%	1,320%
8710	Hrunamannahreppur	0,500%	1,000%
8711	Biskupstungnahreppur	0,500%	1,000%
8712	Laugardalshreppur	0,500%	1,000%
8714	Þingvallahreppur	0,500%	1,000%
8716	Hveragerðisbær	0,385%	1,400%
8717	Sveitarfélagið Ölfus	0,400%	1,000%
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	0,500%	1,320%

*) Skv. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

**) Vegið meðaltal.

***) Sameining sveitarfélaganna tók gildi 1. janúar 2001. Fyrir hið nýja sveitarfélag, 6514 Hörgárbyggð, og önnur sveitarfélög er kunna að sameinast verður stuðst við vegið meðaltal álagningarprósentu í hvorum flokki um sig.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.